

221. fundur hafnarstjórnar
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 14. maí 2021 og
hófst hann kl. 12:00.

Fundinn sátu:

Marzellius Sveinbjörnsson formaður, Anna Ragnheiður Grétarsdóttir aðalmaður, Sigríður Gísladóttir aðalmaður, Sigurður Jón Hreinsson aðalmaður og Högni Gunnar Pétursson aðalmaður.

Embættismenn:

Guðmundur M Kristjánsson, hafnarstjóri og Tinna Ólafsdóttir, upplýsingafulltrúi.

Fundargerð ritaði: Tinna Ólafsdóttir, upplýsingafulltrúi.

Anna Ragnheiður og Sigríður eru viðstaddar fundinn í gegnum fjarfundabúnað.

Dagskrá:

1. Meltutankur á Þingeyri, umsókn um lóð - 2020030079

Kynnt bréf Viðis Arnar Guðmundssonar, f.h. Arctic Protein ehf., ódags., þar sem kynntur er nýr valkostur um staðsetningu meltutanks á Þingeyri og óskað eftir álitni hafnarstjórnar.

Fyrri tillögu um staðsetningu voru kynntar á 212. fundi hafnarstjórnar þann 26. maí 2020.

Hafnarstjóri kynnir tillögu að staðsetningu og rifjar upp ferli málsins hingað til. Hafnarstjórn telur að tillagan sem liggur fyrir sé ekki framkvæmanleg vegna plássleysis og að þrengt yrði um of að athafnasvæði. Hafnarstjórn verður því að hafna tillögunni.

Hafnarstjórn telur að starfsemi af þessu tagi sé best fyrir komið á landfyllingu sem væri útbúin vestan við löndunarbryggju.

Hafnarstjórn óskar eftir því að skipulags- og mannvirkjanefnd taki málið upp aftur með þessar athugasemdir til hliðsjónar.

2. Sundabakki - framkvæmdir - 2016090029

Lagt fram bréf Kjartans Elíassonar, f.h. Vegagerðarinnar, dags. 7. maí 2021, þar sem kynnt er niðurstaða útboðs í niðurrekstur stálpils á Sundabakka.

Eftirfarandi tilboð bárust:

Hagtak: 444.250.000 kr.

Ísar ehf: 396.001.000 kr.

Borgarverk: 393,783,000 kr.

Kostnaðaráætlun hljóðaði upp á 369.489.300 kr.

Vegagerðin leggur til að gengið verði til samninga við lægstbjóðanda, Borgarverk ehf.

Hafnarstjóri fer yfir kostnaðaráætlun og stöðu verksins.

Hafnarstjórn samþykkir að taka lágsta tilboði.

3. Hafnasamband Íslands - ýmis erindi og fundargerðir 2021-2022 - 2021020042

Lögð fram fundargerð 434. fundar Hafnasambands Íslands sem fram fór föstudaginn 30. apríl 2021.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 12:48

Marzellíus Sveinbjörnsson

Anna Ragnheiður Grétarsdóttir

Sigríður Gísladóttir

Sigurður Jón Hreinsson

Högni Gunnar Pétursson

Guðmundur M Kristjánsson

Tinna Ólafsdóttir